

Verkefni: Framhaldsaðalfundur Gígunnar haust 2007
Dagsetning: 20. október 2007
Tímasetning: 16:00 -18:00
Fundarstaður: Domus Vox, Laugarvegi 116, Reykjavík

Stjórnarmenn Gígunnar:

Sigrún Óskarsdóttir (SÓ)	Formaður	Mætt
Dagbjört Sigurbergisdóttir (DS)	Varaformaður	Mætt
Heiða Gunnarsdóttir (HG)	Ritari	Mætt
P. Linda Guðjónsdóttir (PLG)	Gjaldkeri	Mætt
Puríður Pétursdóttir (PP)	Meðstjórnandi	Mætt
Margrét Bóasdóttir	Verndari	Fjarverandi
Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir	Varamaður	Fjarverandi
María Vilhjálmsdóttir	Varamaður	Mætt
Þorgerður Valdimarsdóttir	Varamaður	Mætt

Eftirtaldir aðildarkórar sendu fulltrúa til fundarins:

Gospelsystur Reykjavíkur (Linda Guðjónsdóttir, Margrét J. Pálmadóttir, Stella Óladóttir)
Jórukórinn, Selfossi (Halla Baldursdóttir, Sigrún Hlöðversdóttir)
Kvennakór Garðabæjar (María Vilhjálmsdóttir, Sigurveig Björnsdóttir, Anna Svanlaugsdóttir)
Kvennakór Hafnarfjarðar (Ágústa I. Arnardóttir, Helga M. Sveinsdóttir, Ragna Jóna Helgadóttir, Sigrún Óskarsdóttir)
Kvennakór Hornafjarðar (Lucia Óskarsdóttir, Ágústína Halldórsdóttir, Sjöfn Óskarsdóttir, Ingibjörg Ævarr Steinsdóttir, Eyrún Axelsdóttir)
Kvennakór Reykjavíkur (Puríður Pétursdóttir)
Kvennakórinn Ljósbrá, Hellu (Olga Mörk Valsdóttir, Heiðrún Ólafsdóttir)
Kvennakórinn Seljur, Reykjavík (Sæunn M. Sigurgeirsdóttir, Laufey Valdimarsdóttir)
Kvennakórinn Ymur, Akranesi (Valgerður Kr. Guðbjörnsdóttir, Theodóra Jóhannsdóttir)
Kyrjukórinn í Þorlákshöfn (Ingveldur Pétursdóttir, Fjola H. Jónsdóttir, Halldóra G. Hannesdóttir, Gróa Hreinsdóttir)
Kyrjurnar, Reykjavík (Dagbjört Sigurbergisdóttir, Inga I. Arnardóttir, Valgerður Grímsdóttir, Bertha Bing)
Vox feminae, Reykjavík (Margrét J. Pálmadóttir, Stella Óladóttir, Heiða Gunnarsdóttir, Þorgerður Valdimarsdóttir)
Komust ekki til fundarins en létu vita:
Freyjukórinn í Borgarfirði (í æfingabúðum)
Kvennakór Suðurnesja (í keppnis- og tónleikaferð á Ítalíu)
Gestakórar:
Kvennakórinn Embla, Eyjafirði (Roar Kwam)
Kvennakórinn Glæðurnar (3 fulltrúar; Dóra, Stella og Signý)



Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:

Sigrún Óskarsdóttir formaður Gígjunnar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Sigrún lagði það til að Ágústa Arnardóttir (Kvennakór Hafnarfjarðar) yrði fundarstjóri og Heiða Gunnarsdóttir (Vox feminae) ritari fundarins, var það samþykkt af fundarmönnum og framhaldsaðalfundur Gígjunnar hófst.

1. Skýrsla formanns Gígjunnar

Formaður Gígjunnar; Sigrún Óskarsdóttir flutti skýrslu formanns:

Fræðslufundur og aðalfundur 10. mars: Í tengslum við síðasta aðalfund þann 10. mars 2007, bauð Gígjan uppá fræðslufyrirlestur þar sem Margrét Bóasdóttir og Sigurður Rúnar Jónsson (Diddi fiðla) fluttu erindi. Margrét fór m.a. yfir helstu lykilatriði þegar kemur að því að undirbúa plötuupptökur og kom víða við í erindi sínu. Sigurður Rúnar, sem hefur mikla reynslu á þessu sviði, talaði um þau atriði sem skipta máli bæði hvað varðar undirbúning og upptökuna sjálfa. Bæði þessi erindi voru mjög fróðleg og skemmtileg. Á vefssetri Gígjunnar er að finna fundargerð frá fræðslufundinum.

Eftir fræðslufundinn var haldinn aðalfundur Gígjunnar og var þátttaka góð, en fundinn sóttu 25 konur frá 12 aðildarkórum landssambandsins. Á eftir skýrslu formanns voru reikningar lagðir fram og samþykktir. Var um að ræða milliuppgjör fyrir tímabilið 1. janúar 2006 til 1. september 2006. Á fundinum voru þrjár nýjar konur kosnar í stjórn og tvær konur í varastjórn. Sigrún Óskarsdóttir var kosin formaður Gígjunnar.

Núverandi aðalstjórn er skipuð þannig:

Formaður:	Sigrún Óskarsdóttir, Kvennakór Hafnarfjarðar
Varaformaður:	Dagbjört Sigurbergsdóttir, Kyrjunum
Ritari:	Heiða Gunnarsdóttir, Vox feminae
Gjaldkeri:	Linda Guðjónsdóttir, Gospelsysturum Reykjavíkur
Meðstjórnandi:	Puríður Pétursdóttir, Kvennakór Reykjavíkur.

Varastjórn skipa eftirtaldar konur:

Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir, Kvennakór Suðurnesja

María Vilhjálmsdóttir, Kvennakór Garðabæjar

Þorgerður Valdimarsdóttir, Vox feminae

Breyting verður á skipan stjórnar nú í desember, en þá fer gjaldkeri í frí og tekur Puríður Pétursdóttir við gjaldkeraembættinu. Varamaður mun svo koma inn sem meðstjórnandi. Þá vantar eina konu í varastjórn Gígjunnar í janúar 2008.

Með stjórninni starfar einnig Margrét Bóasdóttir og hefur hún titilinn verndari Gígjunnar. Það er stjórn mjög mikilvægt að hafa konu eins og Margréti til skrafs og ráðagerða og kunnum við stjórnarkonur henni bestu þakkir fyrir en oftast en einu sinni höfum við leitað í hennar viskubrunn eftir upplýsingum og ráðgjöf.

Á fundinum 10. mars var ákveðið að halda framhaldsaðalfund Gígjunnar að hausti. Aðalástæður þessarar ákvörðunar voru þær að aðildarkórar voru að óska eftir því að reikningsár Gígjunnar væri í takt við starfsár aðildarkóranna, til þess að það væri mögulegt þarf að breyta lögum Gígjunnar. Ákveðið var að stjórnin færi í þá vinnu. Ásdís Helga Bjarnadóttir fráfarandi formaður og Heiða Gunnarsdóttir ritari fóru yfir lög Gígjunnar, komu með breytingatillögum, sem ykkur voru sendar með fundarboðinu, þessar tillögur verða lagðar fyrir fundinn hér á eftir.

Samþykkt var að halda árgjaldinu óbreyttu eða 200 kr. á kórkonu eins og verið hefur frá stofnun Gígjunnar. Hins vegar höfum við mikið rætt það í stjórn Gígjunnar, að það sé nauðsynlegt að hækka árgjaldið til þess að standa straum af uppfærslu á vefsetrinu. Við höfum fengið spurningar frá kórum utan sambandsins, sem boðin hefur verið þátttaka, hvort árgjaldið væri virkilega svona lágt. Gott væri ef aðildarkórar hugsuðu um þau mál og við

gætum e.t.v. rætt þau hér á eftir undir liðnum önnur mál þ.e. hvað væri eðlileg hækkun. Breyting á árgjaldinu yrði þá lögð fyrir næsta aðalfund, sem haldinn verður að hausti 2008.

Á síðasta aðalfundi (10. mars 2007) undir liðnum önnur mál kynnti Heiða Gunnarsdóttir vefstjóri Gíggjunnar vefsetrið og svaraði fyrirspurnum. Síðan var kynning á Kvennakórnum Hekklunum, en hann gekk í sambandið á árinu og er 20. aðildarkór Gíggjunnar. Í lokin vakti Ásdís Helga Bjarnadóttir máls á mikilvægi þess að vegna þess að stjórnarmenn væru af öllu landinu þyrfti að gera ráð fyrir því að Gíggjan tæki þátt í kostnaði vegna ferða stjórnarmanna á stjórnarfundum. Málið var rætt og ákveðið að stjórnin kæmi með tillögu á næsta aðalfundi, þar sem greidd væru atkvæði um tillöguna. Ykkur hefur verið send þessi tillaga og munum við greiða atkvæði um hana hérna á eftir.

Á aðalfundum verður gjarnan mikil umræða um hagnýt atriði eins og félagsgjöld, æfingátíma, laun stjórnenda og fjárföllumarleiðir. Þessi umræða fer fram í lokin og er hún bæði skemmtileg og nauðsynleg, þar sem t.d. nýir kórar geta gengið í reynslubrunn reyndari kóra. Einnig er gott að bera saman bækur sínar og fá nýjar hugmyndir.

Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldnir fimm stjórnarfundir. Formlegur stjórnarskiptafundur var haldinn viku eftir aðalfund, þar sem ný stjórn tók við og skipti með sér verkum. Allar fundargerðir frá fundum Gíggjunnar getið þið fundið inn á vefsetrinu undir linknum „Fundargerðir“. Viljum við vekja athygli á því að inni í fundargerðinni frá síðasta aðalfundi 10. mars er að finna myndir frá fundinum.

SAMNAM: Gíggjan er aðili að SAMNAM sem eru Samráðet för Nordisk amatör musik og var stofnað 1978. Aðildarfélag SAMNAM eru 63 með um 600.000 félagsmenn á Norðurlöndunum. Aðildarfélagin samanstanda fyrst og fremst af kórum áhugafólks, sem og skóla- og lúðrahljómsveitum. Í september 2006 sendi Gíggjan tvo fulltrúa á ráðstefnu sem SAMNAM hélt í Glostrup í Danmörku. Ákveðið var að senda ekki fulltrúa til aðalfundarins sem haldinn var núna í september á þessu ári. Nánari upplýsingar um SAMNAM getið þið fundið inn á vefsetri Gíggjunnar.

SFH: Árið 2005 sótti Gíggjan um aðild að SFH, sem er Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda. Þær gleðilegu fréttir bárust frá Margréti Bóasdóttur í gærkveldi, að búið væri að samþykkja umsók okkar. Margrét hefur haldið umsókn okkar á lofti innan SFH og færum við henni kærar þakkir fyrir. Ákveðið hefur verið að hluti fjárhæðarinnar fari í sjóð og hluti fari í rekstur vefsetursins. Markmiðið er að aðildarkórar geti sótt um styrki til sjóðsins, en stjórn á eftir að semja úthlutunarreglur.

Norræna kvennakóramótið: Norrænt kvennakóramót verður haldið í Þrándheimi 10. til 13. apríl 2008. Sendar hafa verið upplýsingar um mótið á alla aðildarkóra og er frétt um mótið á vefsetri Gíggjunnar. Hér á eftir segir Þuríður Pétursdóttir betur frá mótinu. Búið er að skipuleggja Nordic Baltic Choral Festival í Tartu í Eistlandi í byrjun ágúst 2008. Margrét Bóasdóttir mun safna frekari upplýsingum sem verða sendar áfram til aðildarkóranna um leið og þær berast.

Kórastefna við Mývatn: Fimmta kórastefnan var haldin í sumar við Mývatn og voru 270 þátttakendur, kórsöngvarar og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Listrænn stjórnandi og skipuleggjandi hennar var Margrét Bóasdóttir. Í fyrsta sinn var nú kvennakórum boðin þátttaka og voru Kvennakór Akureyrar, Kvennakórinn Uppsveitasystur í Árnessýslu, Vestfirsku Valkyrjurnar á Ísafirði og nokkrar úr Gospelssystem Reykjavíkur mættar til leiks. Bandaríska blökkukonan Lynnel Joy Jenkins stjórnaði vinnu kvennakóranna og Gróa Hreinsdóttir lék með á píanó. Viðfangsefnið var Heimstónlist "World-Music". Á Kórastefnu 2008 verður karlakórum boðin þátttaka ásamt blönduðum kórum. Í fréttatilkyningu frá Kórastefnunni segir að kvennakórar muni örugglega fá fleiri tækifæri til þátttöku, svo glæsileg var frammistaða þeirra.

Nýtt netfang Gíggjunnar: Í vor fékk Gíggjan nýtt netfang; gigjan2003(hjá)gmail.com. (2003 er stofnár Gíggjunnar). Allur póstur Gíggjunnar fer í gegnum þetta netfang og eins og gefur að skilja fer mikið af samskiptum Gíggjunnar við aðildarkóra í gegnum netpóst. Aðildarkórnir eru á sérstökum póstlista. Á þennan póstlista eru sendar allar nýjar upplýsingar svo og fréttir um

það sem er að gerast hjá kvennakórum landsins. Allir geta skráð sig á póstlistann, líka þeir sem ekki eru í stjórn kóranna en á fundinum gengur listi sem þið getið skráð ykkur á ef þið viljið komast á póstlista Gígjunnar. Gott er að hafa alla stjórnina á póstlistanum en við hvetjum svo ritara kóranna til þess að áframsenda allan póst frá Gígjunni til sinna kórkvenna. Markmið Gígjunnar er að efla samskipti og samstarf kvennakóra og miðla upplýsingum. Þetta markmið næst m.a. með því að senda upplýsingar á póstlistann, þannig að upplýsingarnar nái til sem flestra.

Nýtt jólaglag fyrir jólin 2008: Stjórn Gígjunnar barst mjög skemmtileg hugmynd frá Sigurbjörgu Aðalsteinsdóttur í Vox feminae um það að Gígjan léti semja fyrir sig og aðildarkóra sína jólaglag, sem aðildarkórar fengu sent á haustmánuðum. Hugmyndin væri að allir aðildarkórar æfðu lagið og frumflyttu víðsvegar um landið allir á sama tíma á aðventunni. Málið er í vinnslu hjá stjórninni.

Helstu verkefni stjórnar þetta starfsárið eru:

Innheimta félagsgjöldin: Í næstu viku munum við senda ykkur innheimtubréf vegna félagsgjalda fyrir þetta starfsár, en gjaldið er 200 kr. á hverja virka kórkonu í upphafi starfsárs. Gaman er að segja frá því að allir aðildarkórar Gígjunnar eru nú skuldlausir.

Hafa samband við aðildarkórana: Hver aðildarkór hefur fengið sinn tengilið inn í stjórn. Hver stjórnarkona ber ábyrgð á að hafa samband við sína kóra a.m.k. tvisvar á ári. Farið er m.a. yfir að upplýsingar um kórinn á vefsetrinu séu réttar, nýjungar á vefsetrinu eru kynntar og óskað eftir fréttum af kórnum. Þannig tryggjum við að haft sé samband við hvern einasta aðildarkór og að kórarnir hafi greiðan aðgang að landsambandinu.

Vefsetur Gígjunnar: Vefsetur Gígjunnar gígjan.is er í höndum ritara Gígjunnar, Heiðu Gunnarsdóttur, sem hefur staðið sig einstaklega vel. Heimasíðan er vettvangur upplýsingaflæðis og þar sem markmið Gígjunnar er m.a. að efla samstarf og samskipti við kvennakóra hér sem erlendis auk þess að miðla upplýsingum, þá er heimasíðan okkar helsta leið. Heiða mun vera með kynningu á vefsetrinu hér á eftir undir liðnum önnur mál.

Setja upplýsingar um öll landsmót inn á vefsetrið: Stjórn Gígjunnar er að safna saman upplýsingum um þau landsmót sem haldin hafa verið með það að markmiði að koma þeim upplýsingum inná vefsetur Gígjunnar. Við munum hafa samband við þá kóra sem haldið hafa landsmótin og óska eftir upplýsingum frá þeim. Ef þið lumið á skemmtilegum gögnum frá landsmótunum, sem hægt væri að skanna inn og setja á vefsetrið endilega hafið þá samband við okkur í stjórninni. Við lofum að fara vel með öll gögn og skila þeim fljótt aftur. Næsta landsmót verður í vor á Hornafirði en það er 7. landsmótið og verður það haldið 25. til 27. apríl 2008. Kynning verður á landsmótinu hér á fundinum.

Landsmótslögin: Samin hafa verið þrjú Landsmótslög í tengslum við Landsmót; Aðeins eitt blóm eftir Hildigunni Rúnarsdóttir (1997), Vinamót eftir Sigurð Sævarsson (2002) og Vogleði eftir Tryggva M. Baldvinsson (2005). Stjórnin hefur sent höfundum bréf og óskað eftir leyfi fyrir því að lögin verði sett inná aðgangsstýrt vefsvæði í samvinnu við Íslensku Tónverkamiðstöðina, fyrir aðildarkóra Gígjunnar þeim að kostnaðarlausu. Þetta mál er í vinnslu og þið fáið fréttir af því þegar þessi lög/nótur eru komnar inn á netið.

Fjölga aðildarkórum í Gígjunni: Allir kvennakórar sem standa utan Gígjunnar hafa fengið sent boðsbréf um að koma á þennan fund og hafa Glæðurnar, kór kvenfélags Bústaðakirkju og Roar Kvam stjórnandi kvennakórsins Emblu, ákveðið að koma á fundinn og bjóðum við þau velkomin til okkar.

Hinir kórarnir eru: Kvennakór Ísafjarðar Vestfirsku valkyrjurnar, Kvennakór Kaupmannahafnar í Danmörku, Kvennakórinn á Siglufirði, Kvennakórinn Léttuveit Reykjavíkur, Kvennakórinn Lissý í S-Þingeyjasýslu, Lillukórinn á Hvammstanga, Glæðurnar, Regnbogakonur, Kvennakór Öldutúns og Uppsveitarsystur á Flúðum. Öllum þessum kórum verður sent formlegt bréf þar sem þeim er boðin aðild að Gígjunni. Gígjan styrkist við hvern kór sem gengur í sambandið og er það von okkar að þessir kvennakórar komi til liðs við okkur fljótlega. Ef þið kæru konur vitið um fleiri íslenska kvennakóra bið ég ykkur að láta okkur í stjórninni vita.

Eins og þið hafið heyrt, þá er mikið að gerast hjá kvennakórum og margt spennandi framundan. Aðildarkórar Gíggunnar hafa verið duglegir að senda okkur fréttir og upplýsingar. Vefsetrið er vettvangur okkar sem hefur blómstrað og megi svo vera áfram um ókomna tíð.

2. Umræða um skýrslu formanns

Fundarstjóri bauð upp á umræðu um skýrslu formanns. Hún var engin og samþykkti fundurinn skýrsluna einróma.

3. Reikningar

Pórdís Linda Guðjónsdóttir gjaldkeri Gíggunnar lagði fram og útskýrði reikninga Gíggunnar fyrir tímabilið: 01.09.2006 til 31.08.2007. Allir aðildarkórar Gíggunnar hafa greitt sín félagsgjöld. Ásamt reikningum lá fyrir fundinum yfirlýsing frá báðum skoðunarmönnum þeim Margréti Hreinsdóttur (Kvennakór Reykjavíkur) og Ingu J. Arnardóttur (Kyrjunum) að þeir væru réttir. Óski þeir kórar sem ekki komust á fundinn eftir því að fá senda reikninga Gíggunnar er hægt að senda póst á netfang sambandsins; gígjan2003(hjá)gmail.com með þeirri beiðni.

4. Umræða um reikninga

Fundarstjóri bauð upp á umræðu um reikninga. Hún var engin og voru þá reikningar bornir upp til samþykktar. Reikningar fyrir tímabilið 01.09.2006 til 31.08.2007 voru samþykktir samhljóða.

5. Tillaga stjórnar um styrki vegna ferða á stjórnarfundi

Heiða Gunnarsdóttir og Dagbjört Sigurbergisdóttir mæltu fyrir og kynntu tillögu stjórnar um styrki vegna ferða stjórnarmanna á stjórnarfundi. Gígjan er landssamband og þess vegna geta stjórnarmenn hennar verið af öllu landinu. Það er dýrt að fara á milli staða og ekkert sjálfsgefið að einstaklingar beri kostnað af þeim ferðum sjálfir. Fundir eru nauðsynlegir þó svo að stjórnin í dag geri mikið af því að nota netið (tölvupóst) til þess að skiptast á upplýsingum. Gera þarf ráð fyrir því í framtíðinni að sambandið greiði fyrir fundarkostnað. Dagbjört Sigurbergisdóttir gaf dæmi um kostnað. Hún tók dæmi um kostnað ef fundarmaður kæmi á fund til Reykjavíkur frá Akureyri, Egilsstöðum, Ísafirði eða Vopnafirði til þess að fundarmenn gætu betur glöggvað sig á upphæðunum sem stæðu að baki.

Eftirfarandi tillaga var lögð fyrir fundinn:

“Meðlimir aðalstjórnar Gíggunnar utan stór-Reykjavíkursvæðisins geta sótt um að fá greiddan 1/3 af kílómetragjaldi ríkisins til þátttöku í skilyrtum stjórnarfundum, sem teljast tveir fundir á ári samkvæmt lögum Gíggunnar.”

Fundarstjóri bauð upp á umræður um tillöguna.

Inga I. Arnardóttir (Kyrjunum) tók til máls og var sammála þessari tillögu benti á að hún myndi efla sambandið. Jafnframt vildi hún benda á það að aðildargjöldin að sambandinu væru lág og þyrfti að skoða þau í framhaldi af þessari tillögu. Frekari umræður urðu ekki um tillöguna og var hún borin upp til samþykkis. Fundarmenn samþykktu tillöguna samhljóða og hefur hún því tekið gildi.

6. Lagabreytingar

Fyrir fundinum lágu lagabreytingartillögur frá stjórn. Í fundarboði til aðildarkóra Gíggunnar voru sendar tillögur stjórnar að breytingum á eftirtöldum lagagreinum: 3., 4., 5., 6., 7., 8. og 9. Fundarmenn höfðu kynnt sér vel þessar breytingar og engar athugasemdir bárust vegna þeirra fyrir fundinn. Tillögurnar sem lagðar voru fram til aðkvæðagreiðslu á fundinum eru með rauðu letri í þessari fundargerð.

3. grein

Markmiðum sínum hyggst sambandið ná með því að:
halda úti heimasíðu landssambandsins, þar sem m.a. verða birtar heimildir um starfsemi kóranna, tónlist fyrir kvennakóra og ýmsar gagnlegar upplýsingar
standa að kvennakóramótum á þriggja ára fresti
stuðla að námskeiðahaldi
efla tengsl við sambærileg sambönd erlendis

3. grein

Markmiðum sínum hyggst sambandið ná með því að;

- halda úti vefsetri landssambandsins; <http://gigjan.is/>
- standa að fræðslufundum og námskeiðahaldi
- aðstoða við undirbúning kvennakóramóta á þriggja ára fresti
- efla tengsl við sambærileg sambönd erlendis

4. grein

Félagar sambandsins eru kvennakórar sem sótt hafa um aðild og greitt hafa árgjald.

4. grein

Félagar sambandsins eru kvennakórar sem sótt hafa um aðild og greitt hafa árgjald. Kór segir sig sjálfkrafa úr sambandinu með því að greiða ekki árgjald.

María Vilhjálmsdóttir (Kvennakór Garðabæjar) kom með breytingatillögu að 4. grein og vildi gera það skýrar í lögnum að búið væri að ganga á eftir árgjaldinu við aðilarkórana.

4. grein (breytingartillaga við breytingartillögu)

Félagar sambandsins eru kvennakórar sem sótt hafa um aðild og greitt hafa árgjald. Kór segir sig sjálfkrafa úr sambandinu með því að greiða ekki árgjald *að undangengnum ítrekunum frá stjórn.*

5. grein

Aðalfundur fer með æðsta vald í sambandinu. Aðalfundur skal haldinn ár hvert að vori. Stjórn sambandsins skal boða til aðalfundar með bréfi til stjórnna kóranna með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Í fundarboði skal koma fram dagskrá fundarins. Greint skal frá meginefni tillagna sem leggja á fyrir fundinn og lagabreytingartillögum ef einhverjar eru. Á aðalfundi eiga tveir fulltrúar hvers kvennakórs atkvæðisrétt. Tillaga hlýtur samþykki ef helmingur atkvæðisbærra fulltrúa greiðir henni atkvæði sitt. Aðalfundur er lögmætur sé löglega til hans boðað.

5. grein

Aðalfundur fer með æðsta vald í sambandinu. Aðalfundur skal haldinn ár hvert að hausti fyrir 1. nóvember. Stjórn sambandsins skal boða til aðalfundar með bréfi til stjórnna kóranna með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Í fundarboði skal koma fram dagskrá fundarins. Greint skal frá meginefni tillagna sem leggja á fyrir fundinn og lagabreytingartillögum ef einhverjar eru. Aðalfundir Gígjunnar eru opnir öllum en aðeins tveir fulltrúar hvers aðildarkórs Gígjunnar hafa atkvæðisrétt.

Tillaga hlýtur samþykki ef helmingur atkvæðisbærra fulltrúa greiðir henni atkvæði sitt.

Aðalfundur er lögmætur sé löglega til hans boðað.

Almennur félagsfundur skal haldinn í tengslum við landsmót kvennakóra.

6. grein

Dagskrá aðalfundar:

Skýrsla stjórnar

Endurskoðaðir reikningar.

Stjórnarkjör

Lagabreytingar.

Ákvörðun árgjalds

Önnur mál

6. grein

Dagskrá aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar
3. Umræða um skýrslu og reikninga
4. Tillögur og lagabreytingar
5. Ákvörðun árgjalds
6. Kosning formanns
7. Kosning stjórnar- og varamanna
8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
9. Önnur mál

7. grein

Í stjórn sambandsins sitja fimm konur og þrjár í varastjórn. Formaður er kosinn sérstaklega. Stjórnin skiptir með sér verkum. Kjörtími stjórnar er tvö ár. Þó skulu úr þeirri stjórn sem fyrst er kosin, ganga tvær konur eftir eitt ár, og þrjár eftir tvö ár. Varastjórn er kosin til eins árs í senn. Endurkosning stjórnarkvenna og varastjórnar er heimil. Stjórn skal halda a.m.k. tvo fundi á ári.

7. grein

Í stjórn sambandsins sitja fimm konur og þrjár konur í varastjórn. Tvær stjórnarkonur eru kosnar á hverju ári og formaður annað hvert ár. Stjórnin skiptir með sér verkum. Kjörtími stjórnarkvenna er tvö ár. Endurkosning stjórnarkvenna og varastjórnar er heimil. Varastjórn er kosin til eins árs í senn. Stjórn skal halda a.m.k. tvo fundi á ári.

8. grein

Fjárhagsár sambandsins er almanaksárið.

8. grein

Fjárhagsár sambandsins er starfsárið 1. september til 31. ágúst.

9. grein

Lögum sambandsins má aðeins breyta á aðalfundi. Tillögur að lagabreytingum skulu sendar með aðalfundarboði. Lagabreytingar þurfa samþykki 2/3 greiddra atkvæða.

9. grein

Lögum sambandsins má aðeins breyta á aðalfundi. Lagabreytingar og aðrar tillögur frá stjórn skulu sendar með aðalfundarboði. Lagabreytingar og aðrar tillögur frá aðildarkórum skulu berast stjórn eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund. Allar lagabreytingar og tillögur verða kynntar á vefsetri sambandsins eigi síðar en viku fyrir aðalfund. Lagabreytingar þurfa samþykki 2/3 greiddra atkvæða.

Allar þessar tillögur (rauða letrið) voru samþykktar af fundarmönnum og hafa nú þegar tekið gildi. Lög Gígjunnar (samþykkt á framhaldsaðalfundi landssambandsins, 20. október 2007) eru í heild sinni birt á vefsetri sambandsins undir linknum "Lög".

7. Upprifjun frá síðasta landsmóti í Hafnarfirði 2005

Ragna Jóna Helgadóttir (Kvennakór Hafnarfjarðar) sagði frá síðasta landsmóti sem haldið var í Hafnarfirði árið 2005.

6. Landsmót íslenskra kvennakóra var haldið með pomp og prakt í Hafnarfirði helgina 29. apríl til 1. maí 2005. Segja má að mótið hafi verið með glæsilegasta móti og mikið um dýrðir. Alls tóku 15 kórar þátt í mótinu, flestir utan af landi og einn frá Danmörku. Mótið var sett á föstudagskvöld þar sem farið var yfir skipulag og framkvæmd yfir ilmandi súpu og brauði. Eftir það var haldið út í óvissuna og má þar segja að áhangendaklúbbur Kvennakórs Hafnarfjarðar hafi komið sannarlega á óvart þegar þrúðbúnir eiginmenn, klæddir í kjól og hvítt, biðu 400 kvenna í Hellisgerði með kokteil og harmonikkutónlist. Vakti þetta að vonum mikla lukku allra kórkvenna og ekki síst hjá Hafnarfjarðarkórnum. Síðan var haldið af stað í kynningarferð um Hafnarfjörð undir stjórn Jónatans Garðarssonar. Aftur glöddu áhangendaklúbbur Kvennakórs Hafnarfjarðar okkur í Garðaholti með fögrum söng og söngvatni og enn á ný þegar komið var aftur í hús og farið yfir sameiginlegu lögin.

Laugardagurinn var tekinn snemma enda margt spennandi framundan sem enginn vildi missa af. Eftir hollan og staðgóðan morgunverð flyktust konur í vinnuhópa og hófu að æfa undir stjórn valinkunnra tónlistarmanna þeirra Elínar Óskar Óskarsdóttur, Björgvins Þ. Valdimarssonar, Gabríelu Thész og Edit Molnar. Óskar Einarsson, stjórnandi Gospelkórs Reykjavíkur, fór á milli hópanna og kynnti gospelsöng sem vakti mikla kátinu og var mikið dillað og dansað meðan á því stóð.

Á laugardeginum voru haldnir tónleikar í Víðistaðakirkju þar sem hver kór söng tvö lög. Tónleikarnir gengu mjög vel og var allt skipulag á þeim til fyrirmyndar. Sungið var fyrir fullum sal af fólki og ljúfir tónar fylltu vit allra sem í kirkjunni voru þennan dag. Um kvöldið var hátíðarkvöldverður þar sem mótsgestum var skemmt með ýmsum uppákomum, s.s. tónlistatriðum frá krökkum úr Flensborgarskóla, skörulegum ræðumönnum og happdrætti svo eitthvað sé nefnt. Dansinn tók svo öll völd þegar líða tók á kvöldið og er óhætt að segja að þessar 400 konur sem þarna voru staddar þyrftu enga dansherra – hér dönsuðu allir við alla langt fram á nótt.

Á sunnudeginum var svo haldið áfram að æfa í hópum og einnig voru sameiginlegu lögin æfð. Seinni part dags voru tónleikar þar sem hver vinnuhópur flutti það sem hafði verið unnið með um helgina. Fjöldi gesta kom á tónleikana og tókust þeir afar vel. Hrafnhildur Blomsterberg sleit svo vel heppnuðu móti og kvöddum við kórkonur, sem margar áttu langa leið fyrir höndum, með kaffi og meðlæti.

Það voru ákaflega þreyttar en glaðar konur sem brettu upp ermar og fóru að taka til og ganga frá eftir tónleikana. Eiginmenn létu ekki sitt eftir liggja frekar en fyrri daginn og áður en sól var sest þennan sunndag gátu hafnfirskar kórkonur loks haldið til síns heima, glaðar og stoltar af kóramótinu sínu. Helgi sem seint mun hverfa úr minnum Kvennakórs Hafnarfjarðar!

Ragna benti fundarmönnum á að hægt væri að finna myndir frá landsmótinu inn á vefsetri Kvennakórs Hafnarfjarðar: <http://www.kvennakorinn.org/>

8. Kynning á landsmótinu á Hornafirði 25. - 27. apríl 2008

Lucía Óskarsdóttir og Ingibjörg Ævarr Steinsdóttir sögðu frá Kvennakór Hornafjarðar og skipulagi næsta landsmóts sem haldið verður á Hornafirði 25. – 27. apríl 2008. Glærurnar sem notaðar voru á fundinum er hér fyrir neðan. Allar nánari upplýsingar um landsmótið verða settar inn á vefsetur Gíggunnar jafnóðum sem þær berast frá Hornafirði. Netföng hjá landsmótsnefnd Hornafjarðar eru:

Ingibjörg Ævarr Steinsdóttir, [ingibjorg\(hja\)hoffell.com](mailto:ingibjorg(hja)hoffell.com), Lucía Óskarsdóttir, [lucia\(hja\)hornafjordur.is](mailto:lucia(hja)hornafjordur.is) og Erna Gísladóttir, [ernag\(hja\)hornafjordur.is](mailto:ernag(hja)hornafjordur.is)

7. Landsmót íslenskra kvennakóra á Hornafirði 25. - 27. apríl 2008



Velkomin til Hornafjarðar

- Í sveitarfélaginu Hornafjörður eru 2200 manns sem bjóða alla hjartanlega velkomna.
- Sveitarfélagið lánað okkur allt sitt húsnæði; íþróttahúsið, skólana, samkomuhúsið, sundlaugin og fleira.
- Á Hornafirði er öll almenn þjónusta.
- Fyrirtæki og stofnanir taka fagnandi á móti ykkur með sveigjanlegum opnunartíma.

Hornafjarðarbær



Hornafjarðarbær



Kvennakór Hornafjarðar

- Við erum 10 ára síðan 9. september
- Við látum að okkur kveða í bæjarfélaginu




Spánskt þjóðakvöld



Þýskt þjóðakvöld



Vinnusamar stelpur



Æfingabúðir og óvissuferðir



Utanlandsferðir



Viðhengin okkar



Þýskalandsferð 2007



Dagatalið



Árið 2006 var með þema hvers og eins!



Árið 2007 var þema frá eldra tímatali!

Árshátíðir og glens



Hljómsveitir kvennakórsins



Kvennakórs-tertunnar

- Tertubasarar
- Jólatónleika – hlaðborð með jólapökkunum
- Kaffihús og stemming á árlegum jólamarkað



Erfidrykkjur
Göngum um beina í veislum
Stóra morgunkaffið
Vöfflukaffi á löngum laugardegi

Landsmótið 2007

- Við höfum næg gistirými á Hornafirði fyrir fámenna og fjölmenna kóra.
- Hefðbundin dagskrá, með okkar sniði.
- Tengiliðir fyrir hvern kór.
- Mótið fer fram í íþróttahúsi bæjarins og einnig sá matur sem boðið er uppá.
- Kort af svæðinu verður í mótsskránni, ásamt öllum nánari upplýsingum.

Landsmótsnefndin í góðum gir



Gisting

- Á Brunnhól í 20 mín fjarlægð, frábært útsýni, tilbúna með myndavélina, engin rauð ljós, (alltaf náttúrulega grænt ☺)
- Á Smyrlabjörgum í 30 mín fjarlægð njóta útsýnis og komin aður en þú veist af ☺ Gaman í rútu í góðum félagskap



Gistiheimilin



Hornfirðingar taka vel á móti gestum sínum

- JC hreyfingin með landsmót 1982
- Landsmót karlakóra 1993
- Landsmót barnakóra 2006
- Unglingalandsmót UMFÍ 2007
- Landsmót Skólalúðrasveita
- Ráðstefnur og stórir fundir

Verið innilega velkomin



9. Kynning á Norrænu kvennakóramóti sem haldið verður í Niðarósi í Noregi 10. - 13. apríl 2008

Puríður Pétursdóttir meðstjórnandi í stjórn Gíggunnar sagði frá norrænu kvennakóramóti sem haldið verður á næsta ári í Noregi.

Formáli

Árið 2000 stóðu Kvennakór Reykjavíkur, Gospelsystur Reykjavíkur, Kvennakórinn Léttuveit Reykjavíkur og Kvennakórinn Vox Feminae fyrir samnorrænu kvennakóramóti í Reykjavík. Mótið sóttu tæplega 1000 konur frá öllum norðurlöndum nema Danmörku og Færeyjum. Í lok þess móts héldu stjórnendurnir fund og þar var ákveðið að stefna að því að halda svipað mót á 5 ára fresti. Sænsku kórstjórnarnir tóku að sér næsta mót, sem áætlað var árið 2005. Það er skemmst frá því að segja að ekkert heyrðist frá Svíunum fyrr en seint og um síðir. Þegar á reyndi kom í ljós að þeir treystu sér ekki til að halda mótið. Árið 2000 kom stór kór til Íslands frá vesturströnd Noregs. Þar höfðu konur á stóru svæði safnað í kór til að fara á mótið hér. Þær voru afar ósáttar við að mótið félli niður í Svíþjóð og það eru þær sem nú blása til móts í Niðarósi í Noregi.



Niðarós

Segja má að Niðarós sé fyrsta höfuðborg Íslendinga! Þangað fóru þeir til að flytja konungum drápur. Í Niðarósdómkirkju voru biskupar Íslendinga vígðir öldum saman og þar kom Guðríður Þorbjarnardóttir í einni af sínum mörgu ferðum. Niðarósdómkirkja verður aðaltónleikahús kóramótsins. Hún er næststærsta dómkirkja norður Evrópu á eftir Uppsaladómkirkju.

Einstæð upplifun

Norsku konurnar lofa okkur einstæðri upplifun í mörgum liðum.

- Syngja í hinni stórkostlegu Niðarósdómkirkju.
- Taka þátt í flutningi tónverksins "Damer i det våte element" ásamt kórum frá öllum norðurlöndunum og tónskáldi hátíðarinnar, Önnu Baadsvik.
- Syngja með besta túbuleikara veraldar, Eysteini Baadsvik.
- Taka þátt í hópstarfi og syngja þjóðlög og gregoríska sálma með Önnu Kleivset og Henning Sommerro.
- Taka þátt í hópstarfi og syngja suður-amerísk lög með Maríu Guinand frá Venezuela.

Drög að dagskrá

Fimmtudagur:

Komið til Niðaróss

Opnunartónleikar í Niðarósdómkirkju

Föstudagur:

Allir vinna saman að tónverki hátíðarinnar

Tónleikar kóranna – 15 mín. Undirbúningur

Um kvöldið verður hátíðartónverkið flutt í lok tónleika í dómkirkjunni

Óskað er eftir að einn kór frá hverju landi taki þátt í því

Laugardagur:

Vinnuhópar, valið stendur um: að syngja suður-amerísk lög með Maríu Guinand eða að

syngja þjóðlög og gregoríska sálma með Önnu Kleivset og Henning Sommerro

Lokahátíð

Hagnýtar upplýsingar

<http://www.kor.no/distrikt/index.cfm?distrikt=17&WID=369distrikt=17&WID=369>

Kostnaður

Þátttökugjald fyrir kórinn: NOK 1.500,-

Þátttökugjald fyrir ≤ 12 kvenna hópa: NOK 750,-

Pátttökugjald á konu: NOK 500,-

Innifalið í pátttökugjaldi:

- Meðlimakort
- Opnunarhátíð og opnunartónleikar í Niðarósdómkirkju
Kórvaka í Niðarósdómkirkju
- Tónleikar með kórum mótsins
Pátttaka í gerð tónverks mótsins sem verður flutt á lokatónleikunum í
Niðarósdómkirkju.

Gisting mun kosta u.þ.b. 500 NOK á nóttin á mann í tveggja manna herbergi.

Upplýsingar um stjórn mótsins og skráningu á mótið

Mótsstýra: Astri Wold, mob: +47 988 20 703

Listræn stjórn: Anne Grethe Sandnes, mob: +47 920 29 243

Pátttökutilkynning sendist til kor(hjá)nkssortrondelag.no skráningunni þarf að fylgja: Nafn kórsins, tengiliður, fjöldi kórkvenna, símanúmer og netfang. Athugið að aðeins er tekið á móti tilkynningum með netpósti

Kvennakór Reykjavíkur hefur skráð sig í mótið og fer út með u.þ.b. 55 kvenna kór. Það er full ástæða fyrir kóra, sem ekki treysta sér til að fara á mótið, að skoða hvort ekki sé hægt að senda t.d. tvær konur frá kórnum til að sjá og upplifa mótið og flytja reynslu heim.

10. Önnur mál

10.1 Kveðja frá Kvennakór Suðurnesja

Fundinum barst tölvupóstur frá Kvennakór Suðurnesja sem staddur er á Ítalíu:

Sælar allar, ég sit hér í lobbýinu á hótelinu í Riva del Garda (við Gardavatnið) á Ítalíu, vorum að koma úr ferð í ítölsku alpana og fórum til Feneyja í gær, þetta hefur verið frábært. Keppninni lauk í gær, okkur gekk vel, náðum því miður ekki að fá bikar en lentum í gullflokki, en það fer eftir stigafjölda hvort kórar fá gull, silfur eða brons. Eins og ég sagði ykkur erum við allar úr Kvennakór Suðurnesja hér á Ítalíu og komum ekki heim fyrr en á sunnudagskvöld, þannig að það kemur engin frá okkur á aðalfundinn. Við biðjum fyrir bestu kveðjur til allra frá Ítalíu.

Chiao, Heiða Gunnarsdóttir, Kvennakór Suðurnesja.

10.2 Kveðja frá Freyjukórnum í Borgarfirði

Fundinum barst tölvupóstur frá Freyjukórnum í Borgarfirði:


Góðan daginn, við hjá Freyjukórnum í Borgarfirði getum því miður ekki sent neinn á þennan fund frá okkur því við erum að fara í söngbúðir að Langaholti á Snæfellsnesi einmitt þessa helgi. Við erum að æfa stíft núna því við ætlum að halda tónleika 6. desember með Páli Óskari og Moniku í Reykholtskirkju. Biðjum fyrir kveðju til allra á fundinum. Freyjukórinn í Borgarfirði.

10.3 Kynning á vefsetri Gígjunnar

Heiða Gunnarsdóttir ritari og umsjónarmaður vefseturs Gígjunnar talaði um vefsetrið og kynnti uppbyggingu þess fyrir fundarmönnum. Vefsetur Gígjunnar er í stöðugri þróun og er áberandi hvað aðildarkórar hafa vaknað til meðvitundar um þennan mikilvæga miðil sem þeir eiga og hafa fullan aðgang að. Vefsetrið er mikið heimsótt og eins hafa utanað komandi aðilar uppgötvað þennan sameiginlega stað allra kvennakóra landsins. Þeir leita þangað inn ef þá vantar upplýsingar um kvennakóra landsins. Því er afar mikilvægt fyrir okkur að halda vefsetrinu lifandi og hugsa vel um það. Enn og aftur eru aðildarkórarnir hvattir til þess að vera duglegir að senda inn fréttatilkynningar af öllu sem er að gerast. Kostnaðurinn við vefsetrið hefur ekki verið mikill, það skapast aðallega af því að Heiða hefur aðgang að manni sem kann þessi tæknilög og hann hefur meira og minna unnið þetta í sjálfböðavinnu. Hins vegar þarf að huga að því fljótlega að láta uppfæra allt vefsetrið í nýrra viðmót og hugsanlega að gera samning við fyrirtæki sem myndi reka vefsetrið fyrir okkur. Þessi mál eru öll í skoðun og vinnslu. Hér eru helstu atriðin sem tekin voru fyrir á kynningunni á vefsetrinu:

10.3.1 Mæla með síðunni

Á vefsetrinu er linkur sem heitir “**Mæla með síðunni**”. Aðildarkórar Gíggunnar eru hvattir til þess að nota þennan möguleika og kynna landssambandið. Auðvelt er að nota þennan möguleika, smellið á linkinn og eftirfarandi mynd opnast:



Skráið inn umbeðnar upplýsingar og smellið á hnappinn “Senda”. Við þessa aðgerð fær viðtakandinn skemmtilegt bréf þar sem honum er bent á vefsetrið.

10.3.2 Aðildarkórar

Linkurinn “**Aðildarkórar**” geymir allar upplýsingar um alla aðildarkóra Gíggunnar. Formenn kóranna eru beðnir um að fara inn á þennan link og ganga úr skugga um að allar upplýsingar séu réttar um kórin. Ef eitthvað þarf að uppfæra vinsamlegast sendið þá leiðréttingar á netfang Gíggunnar.

10.3.3 Upplýsingar um landsmótin

Eitt af verkefnum vetrarins er að afla upplýsinga um þau landsmót sem haldin hafa verið með það að markmiði að koma samræmdum upplýsingum um þau inn á vefsetrið. Stjórnin hefur skipt því með sér að safna upplýsingum um landsmótin, svona er verkefnaskiptingin innan stjórnarinnar:

Röðun	Ár	Staðsetning	Mótshaldari	Tengiliður sem safnar gögnum
1	1992	Félagsheimilið Ýdalir	Kvennakórinn Lissý	Heiða
2	1995	Reykjavík	Kvennakór Reykjavíkur	Puríður
3	1997	Reykholt Borgarfirði	Freyjukórinn í Borgarfirði	Heiða
4	1999	Siglufjörður	Kvennakór Siglufjarðar	Sigrún
5	2002	Reykjanesbær	Kvennakór Suðurnesja	Dagbjört
6	2005	Hafnarfjörður	Kvennakór Hafnarfjarðar	Sigrún
7	2008	Hornafjörður	Kvennakór Hornafjarðar	

Við biðjum viðeigandi kóra um samvinnu og óskum eftir því að þeir sendi stjórninni upplýsingar um mótin. Ef kórar hafa einhver skjöl eða muni sem gaman væri að skanna inn eða mynda þá biðjum við um að fá þau lánuð. Hugsunin með þessu er að eiga góða heimild um öll landsmótin og einnig að búa til tékklista fyrir þá kóra sem eiga eftir að halda kóramót í framtíðinni. Stjórn Gíggunnar óskar sérstaklega eftir samvinnu við þessa upplýsingaöflun og við tökum öllum hugmyndum um þessa vinnu fagnandi.

10.3.4 Fundargerðir

Bent er á að allar fundargerðir Gígjunnar eru aðgengilegar aðildarkórnum. Þær eru geymdar í tímaröð undir linknum **“Fundargerðir”**.

10.3.5 Skoðanakönnun

Á vefsetrinu er að finna skoðanakönnun. Stjórnin óskar eftir hugmyndum að skoðanakönnun sem hægt er að setja á vefsetur Gígjunnar, allar tillögur eru vel þegnar.

10. 4 Margrét J. Pálmadóttir kórstjóri

Margrét J. Pálmadóttir vildi upplýsa fundarmenn um það að hún hefur farið þess á leit við Jón Ásgeirsson að hann geri útsetningar fyrir kvennakóra og símfóníuhljómsveit. Símfónían á ekkert efni fyrir kvennakóra. Margrét talaði um mikilvægi þess að kórar hugsuðu vel um nóturnar sínar þar sem hjarta hvers kórs sé nótnasafnið hans. Hún óskar eftir útsettu efni fyrir kvennakóra. Nú séu kvennakórar landsins komnir á það stig að kallað sé eftir söng þeirra við útfarir og lítið sé til af fallegum útsetningum fyrir kvennakóra við kirkjulegar athafnir. Margrét leggur til að Gígjan hafi samband við Skálholtsútgáfuna því það vantar bók fyrir kvennakóra með útsetningum fyrir jarðarfarir eða aðrar kirkjulegar athafnir. Eitthvað er til af fallegum útsetningum en þeim þarf að safna saman í bók.

10. 5 Helga M. Sveinsdóttir Kvennakór Hafnarfjarðar

Helga frá Kvennakór Hafnarfjarðar benti fundarmönnum á það að hægt er að kaupa hljómdisk sem tekinn var upp á landsmótinu 29. apríl – 1. maí 2005 í Hafnarfirði. Diskurinn er tvöfaldur og mjög glæsilegur í alla staði, sameiginleg lög eru á disk nr. 1 og svo syngja kórarnir hver í sínu lagi tvö lög hver á disk nr. 2. Hægt er að panta diskinn með því að senda tölvupóst á netfang Kvennakórs Hafnarfjarðar; [helgamr\(hja\)simnet.is](mailto:helgamr(hja)simnet.is). Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um diskinn á vefsetri Gígjunnar undir linknum **“Útgáfa”**.

Fleira ekki gert, framhaldsaðalfundi Gígjunnar slitið kl. 18:00.

Ritari fundargerðar: Heiða Gunnarsdóttir.

11. Myndir



Fundarmenn



Fundarmenn



Hópmýnd



Kvennakór Hornafjarðar



Sigurveig, Ágústa og Anna



**Fulltrúar frá Kvennakórnum Ym:
Valgerður og Theodóra**



**Laufey og Sæunn frá
Kvennakórnum Seljum**



**Sigrún og Halla frá
Jórukórnum á Selfossi**



**Fulltrúar frá Kyrjukórnum í
Þorlákshöfn: Fjóla, Inga, Halldóra og
Gróa stjórnandi**



**Þorgerður Valdimarsdóttir í varastjórn
Gíggunnar og Þ. Linda Guðjónsdóttir
gjaldkeri Gíggunnar**



Ágústa og María



Anna og Sigurveig



**Margrét J. Pálmadóttir stjórnandi,
Þ. Linda Guðjónsdóttir gjaldkeri
Gíggunnar og Stella Óladóttir**



**Gestir frá Kvennakórnum Glæðunum:
Dóra, Stella og Signý**



**Kvennakór Hornafjarðar að kynna
næsta landsmót Gíggunnar**



Hópmynd



**Fulltrúar frá Kyrjukórnum í
Þorlákshöfn**



**Sigrún Óskarsdóttir formaður
Gíggunnar og Roar Kwam stjórnandi
Kvennakórsins Emblu í Eyjafirði**



**Fulltrúar frá Kvennakór Hafnarfjarðar:
Ágústa, Sigurveig, Helga og Sigrún**



**Aðalstjórn Gíggunnar:
Heiða, Þuríður, Dagbjört og Sigrún
(á myndina vantar Lindu)**



**Fulltrúar frá Kvennakór Hornafjarðar:
Eyrún, Lucia, Gústa, Ingibjörg og Sjöfn**